

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglum nr. 246 5. júní 1975 um sérstaka skráningu  
bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi.

**1. gr.**

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Fyrir skráningu bifreiðar samkvæmt reglum þessum skal greiða sama gjald til ríkissjóðs og fyrir nýskráningu bifreiðar, en fyrir framlengingu hverju sinni skal greiða sama gjald og fyrir umskráningu milli umdæma, sbr. reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs, og annast viðkomandi lögreglustjóri innheimtu þess.

**2. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. tölulíð 3. gr. laga nr. 6 5. mars 1974 um tollskrá o. fl., sbr. og umferðarlög nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1976.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**BÆJANÖFN O. FL.**

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1976:

**Borgarfjarðarsýsla:**

Klökk á garðyrkjubýli í landi Kleppjárnsreykja, Reykholtshreppi.

**Strandasýsla:**

Markhöfði á þjónustubýli í landi Fjarðarhorns, Bæjarhreppi.

**Vestur-Húnavatnssýsla:**

Hlíðarfoss í stað nafnsins Huppahlíð III á býli í Ytri-Torfustaðahreppi.  
Brún á smábýli í landi Auðunarstaða, Þorkelshólshreppi.

**Skagafjarðarsýsla:**

Háabrekka í stað nafnsins Reiðholt á býli í Lýtingsstaðahreppi.

**Suður-Þingeyjarsýsla:**

Garður III á iðnaðarbýli í landi Garðs II, Mývatnssveit.  
Hraunbær á iðnaðarbýli í landi Hólmavaðs, Aðaldælahreppi.

**Norður-Múlasýsla:**

Fossvellir II á smábýli í landi Fossvalla, Hlíðarhreppi.

**Vestur-Skaftafellssýsla:**

Litlahlíð á smábýli í landi Austurhlíðar, Skaftártunguhreppi.

**Rangárvallasýsla:**

Norðurbær á þjónustubýli í landi Gunnarsholts, Rangárvöllum.  
Jaðar II á nýbýli í landi Jaðars, Djúpárhreppi.

**Árnessýsla:**

**Kirkjutún** á þjónustubýli í landi Laugardæla, Hraungerðishreppi.  
**Tröð** á kennarabústað í landi Gnúpverjahrepps hjá félagsheimilinu Árnesi.  
**Árteigur** á þjónustubýli í landi Árbæjar, Ölfushreppi.  
**Reykjaflöt** á garðyrkjubýli í landi Reykjabóls, Hrunamannahreppi.  
**Miðfell VI** á smábýli í landi Miðfells II, Hrunamannahreppi.  
**Birkilundur II** á garðyrkjubýli í landi Birkilundar, Biskupstungnahreppi.

*Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1976.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

31. desember 1976.

Nr. 455.

**AUGLÝSING**

**um skiptingu Hafnarfjarðarprestakalls í tvö prestaköll og tvær sóknir.**

Að fengnum tillögum biskups og samkvæmt ósk viðkomandi sóknarnefndar, er hér með ákveðið, í samræmi við ákvæði laga um skipun prestakalla og prófasts-dæma og Kristnisjóð, nr. 35 9. maí 1970, að núverandi Hafnarfjarðarprestakalli skuli skipt í tvö prestaköll:

**Hafnarfjarðarprestakall:** Hafnarfjarðarsókn. Nær yfir Hafnarfjarðarkaupstað austan Reykjavíkurveggar.

**Viðistaðaprestakall:** Viðistaðasókn. Nær yfir Hafnarfjarðarkaupstað vestan Reykjavíkurveggar.

Skipan þessi tekur gildi 1. janúar 1977, að því er varðar skiptingu prestakallsins í tvær sóknir, en 1. mars 1977 að því er varðar hina nýju skipun prestakalla.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1976.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Þorleifur Pálsson.*

30. desember 1976.

Nr. 456.

**AUGLÝSING**

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Stöðvunarskylda verður við Suðurlandsbraut, ef beygt er til vinstri frá Álfheimum.
2. Rýmkað verður bann við bifreiðastöðum á Túngötu við Landakotsspítala, þannig að heimilt verður að leggja bifreiðum sunnanmegin götunnar á milli Ægisgötu og Hofsvallagötu á tímabilinu frá kl. 18 til 20 á mánudegi til föstudags og milli kl. 15 og 16 á laugardögum og sunnudögum.